



# ÚTBOÐ nr. 14330

## Microsoft EAS hugbúnaðarleyfi

**Kaupandi:**  
Reykjavíkurborg

**Umsjón:**  
Innkaupadeild Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

**Október 2018**

# EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚTBODSLÝSING</b> .....	<b>1</b>
1.1 ÚTBODSSKILMÁLAR .....	1
1.1.1 Almenn lýsing og heimilisfang umsjónaraðila útboðs.....	1
1.1.2 Útboðsyfirlit og helstu dagssetningar .....	1
1.1.3 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs .....	1
1.1.4 Útboðsgögn .....	1
1.1.5 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun.....	1
1.1.6 Skýringar á útboðsgögnum.....	1
1.1.7 Tungumál .....	2
1.1.8 Tilboð í hluta.....	2
1.1.9 Frávikstilboð .....	2
1.1.10 Fylgigögn með tilboði .....	2
1.1.11 Gerð og frágangur og afhending tilboða .....	2
1.1.12 Afturköllun tilboða .....	3
1.1.13 Opnun tilboða og skilafrestur .....	3
1.1.14 Kröfur um fjárhagslegt hæfi bjóðenda .....	3
1.1.15 Lágmarkskröfur um tæknilegt hæfi bjóðanda.....	3
1.1.16 Val á samningsaðila og taka tilboða.....	3
1.1.17 Samþykki tilboðs og samningur.....	3
1.2 ALMENNIR SKILMÁLAR.....	4
1.2.1 Verkefnið .....	4
1.2.2 Lög og reglugerðir .....	4
1.2.3 Verðlagsgrundvöllur .....	4
1.2.4 Greiðslur .....	4
1.2.5 Rafrænn reikningur og rafræn pöntun .....	4
1.2.6 Samskipti á samningstíma og mögulegar breytingar á samningi.....	5
1.2.7 Afhending og afhendingarskilmálar.....	6
1.2.8 Féviti .....	6
1.2.9 Vanefndir og uppsögn .....	6
1.2.10 Ábyrgð og tryggingar.....	6
1.2.11 Skuldskeyting, undirverktakar og framsal réttinda .....	6
1.2.12 Lög og reglugerðir .....	6
1.2.13 Ágreiningsmál .....	6
<b>2. VERKLÝSING / VÖRULÝSING</b> .....	<b>7</b>
2.1 VERKLÝSING .....	7
2.1.1 Þjónusta og ráðgjöf.....	7
<b>3. TILBOÐSSKRÁ</b> .....	<b>8</b>
<b>4. TILBOÐSBLAÐ</b> .....	<b>9</b>

# 1. Útboðslýsing

## 1.1 Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þeim reglum sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram hæfiskröfur til bjóðenda sem þeim ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu.

### 1.1.1 Almenn lýsing og heimilisfang umsjónaraðila útboðs

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar, fyrir hönd Upplýsingatæknideildar, óskar eftir verðtilboðum í hugbúnaðarleyfi frá Microsoft, nánar til tekið endurnýjun á EAS samningi fyrir skrifstofuumhverfi Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar er að finna í kafla 2.

### 1.1.2 Útboðsyfirlit og helstu dagssetningar

- EES útboð: Já
- Tegund útboðs: Opið
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn: 15. nóvember 2018 – kl. 12:00
- Svarfrestur útrunninn: 19. nóvember 2018 kl. 16:00
- Opnunardagur/tími tilboða: **26. nóvember 2018 – kl. 14:00**
- Opunarstaður tilboða er: Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur eftir opnun þeirra.

### 1.1.3 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

**Innkaupadeild Reykjavíkurborgar**  
**Borgartún 12-14**  
**105 Reykjavík**  
**Ísland**

Sími: 411 1042 / 411 1043  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)  
Vefsíða: [www.reykjavik.is/utbod/](http://www.reykjavik.is/utbod/)  
Útboðsvefur: <http://utbod.reykjavik.is>

### 1.1.4 Útboðsgögn

- Útboðs- og verklýsing nr: **14330**
- Tilboðsblað
- Tilboðsskrá
- Viðaukar sem sendir eru út á tilboðstíma af innkaupadeild, ef við á.

### 1.1.5 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Á ekki við.

### 1.1.6 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda innkaupadeild skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest.

Fyrirspurnin skal merkt númeri útboðsins og send í gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar <http://utbod.reykjavik.is>

Viðbótarupplýsingar og viðaukar við útboðsgögn verða birtar bjóðendum á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

### 1.1.7 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku eða ensku.

### 1.1.8 Tilboð í hluta

Óheimilt er að bjóða í einstaka hluta.

### 1.1.9 Frávikstilboð

Auk tilboðs í samræmi við útboðsgögn er bjóðanda heimilt að skila inn frávikstilboði, enda uppfylli það allar kröfur útboðsgagna. Frávikstilboð skal merkja sem slíkt en að öðru leyti skal ganga frá því á sama hátt og krafist er samkvæmt útboðsgögnum. Frávikstilboði skal fylgja greinargerð bjóðanda er lýsi frávikinu. Kaupandi áskilur sér rétt til að taka frávikstilboð til greina eða hafna því, við samanburð tilboða.

### 1.1.10 Fylgigögn með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði.

#### A. Almennar upplýsingar

- Útskrift úr fyrirtækjaskrá
- Almennar upplýsingar um uppbyggingu fyrirtækisins, stjórn og helstu stjórnendur

#### B. Upplýsingar er varða verkefnið

- Útfyllt og undirritað tilboðsblað
- Útfyllt og undirritað tilboðsskrá

#### C. Upplýsingar um hæfi bjóðanda

- Staðfesting frá viðkomandi yfirvaldi á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld
- Staðfesting frá lífeyrissjóði á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld
- Staðfestingu bjóðanda á því að hann hafi heimild til að selja viðkomandi hugbúnaðarleyfi til Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, kann það að valda ógildingunni tilboðs.

### 1.1.11 Gerð og frágangur og afhending tilboða

Tilboð skulu sett fram samkvæmt fyrirmælum á útboðsvef innkaupadeildar. Bjóðendur skulu í tilboðsverði/verðum gera ráð fyrir öllum kostnaði sem þeir skulu bera samkvæmt þessum gögnum.

Tilboði ásamt umbeðnum gögnum skal skila með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is/>. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að uppgjafinn tilboðsfrestur er útrunninn.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

### 1.1.12 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð á útboðsvef.

### 1.1.13 Opnun tilboða og skilafrestur

Opnun tilboða fer fram með rafrænum hætti á útboðsvef innkaupadeildar Reykjavíkurborgar. Tilboð verða opnuð eftir að tilgreindur tilboðsfrestur rennur út. Opnunarfundargerð verður birt á vef innkaupadeildar eftir að tilboð hafa verið opnuð. Fundargerðin mun innihalda upplýsingar um nöfn bjóðenda og heildartilboðsfjárhæð af tilboðsblöðum.

### 1.1.14 Kröfur um fjárhagslegt hæfi bjóðenda

Bjóðendur skulu skila með tilboðum eftirfarandi upplýsingum:

- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði/-sjóðum á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

Staðfesting er sýnir fram á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld og opinber gjöld skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum er óheimilt að gera við hann samning. Mat á framangreindu miðast við opnunardag tilboða.

**Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:**

1. Þú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1. - 5. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal lítið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

### 1.1.15 Lágmarkskröfur um tæknilegt hæfi bjóðanda

Bjóðendur skulu hafa tilskilin leyfi frá Microsoft til að selja þessi leyfi, þ.e. hafa réttindi sem Licensing Solution Providers (LSP).

### 1.1.16 Val á samningsaðila og taka tilboða

Kaupandi mun taka lágsta gilda tilboði eða hafna öllum tilboðum.

### 1.1.17 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

## 1.2 Almennir skilmálar

### 1.2.1 Verkefnið

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar, fyrir hönd Upplýsingatæknideildar, óskar hér með eftir tilboðum í endurnýjun á hugbúnaðarleyfum frá Microsoft. Nánari upplýsingar í kafla 2.

### 1.2.2 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

### 1.2.3 Verðlagsgrundvöllur

Heimilt er að leggja fram tilboð í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli sem hefur skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands. Öll tilboð verða metin í íslenskum krónum og tilboð í erlendum gjaldmiðli verða uppreiknuð með skráðu sölugengi viðkomandi gjaldmiðils hjá Seðlabanka Íslands á opunardegi tilboða. Ef tilboð er sett fram í erlendum gjaldmiðli, skulu reikningar í íslenskum krónum miðast við gengi viðkomandi gjaldmiðils þegar varan er tollafgreidd. **Vakin er athygli á því að tilboð í erlendum gjaldmiðli, sem miðast aðrar dagsetningar en opunardag tilboða kann að valda ógildingu tilboðs.**

Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts.

### 1.2.4 Greiðslur

Um ræðir þriggja ára endurnýjun á EAS leyfasamning. Kaupandi greiðir samningsupphæð fyrir endurnýjun á leyfum fyrir:

- tímabilið 01.01.2019 – 31.12.2019 fer greiðsla fram í lok desember 2018.
- tímabilið 01.01.2020 – 31.12.2020 fer greiðsla fram í lok desember 2019.
- tímabilið 01.01.2021 – 31.12.2021 fer greiðsla fram í lok desember 2020.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Birgjar sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármálaskrifstofu í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: [bokhald@reykjavik.is](mailto:bokhald@reykjavik.is).

### 1.2.5 Rafrænn reikningur og rafræn pöntun

Frá og með 1. janúar 2015 skulu allir reikningar til Reykjavíkurborgar vera á rafrænu formi.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eða senda fyrirspurn á netfangið [rafraenir.reikningar@reykjavik.is](mailto:rafraenir.reikningar@reykjavik.is).

Allir reikningar vegna kaupa á vöru eða þjónustu skulu vera gefnir út samkvæmt tækniforskrift Staðlaráðs: tækniforskrift TS-136 og tækniforskrift TS-137 fyrir kreditreikninga (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Bent er að á eldri tækniforskriftir NES eru fallnar úr gildi.

Einnig:

- Ekki skal senda reikning á pappír samhliða rafrænum reikningi
- Ekki er tekið við reikningum á PDF formi

- Rafrænir reikningar skulu sendir samdægurs, þ.e. á þeim degi sem til þeirra er stofnað hjá seljanda

Til viðbótar við þær kröfur sem koma fram í tækniforskrift TS-136 skulu upplýsingar um uppruna viðskipta ávallt koma fram á reikningi. Því skal a.m.k. eitt eftirfarandi atriði vera til staðar á reikningi:

- Númer pöntunar eða beiðni (ef uppgengið af kaupanda)
- Verknúmer og verkþáttur (ef uppgengið af kaupanda)
- Númer samnings (sem verð og önnur kjör eru byggð á)

Einnig skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á reikning:

- Í öllum vörulínum reiknings skal vera UNSPSC númer sem tilgreinir þann flokk sem viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir.
- Í öllum vörulínum skal koma fram listaverð með vsk, afsláttarprósenta og afsláttarverð með vsk.
- Nafn þess sem pantar og/eða deild
- GLN kennitala (Kostnaðarstaður hjá Reykjavíkurborg)

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Allur kostnaður birgja sem fellur til vegna útgáfu og sendingar á rafrænum reikningi, skal greiddast af viðkomandi birgja.

Ákveði Reykjavíkurborg að notað verði kerfi sem sendi rafrænar pantanir, skulu birgjar bera kostnað við slíkt kerfi enda sé hann sanngjarn og náist samkomulag um notkun kerfisins milli aðila.

### 1.2.6 Samskipti á samningstíma og mögulegar breytingar á samningi

Þegar kominn er á samningur mun Upplýsingatæknideild annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

**Kaupanda er heimilt að óska eftir nýjum leyfum (nýjum SKU) inn á samninginn á tímabilinu á sömu kjörum og þær vörur sem þegar eru inn á samningum. Slík heimild yrði nýtt vegna færslu notenda yfir á O365 leyfi frá eldri leyfum og eftir atvikum mun kaupandi eiga kost á að fækka eldri tegundum leyfa í kjölfarið.**

**Kaupandi áskilur sér heimild til að bæta við leyfum fyrir allt að 50% af heildarvirði þessa samnings.**

Kaupanda er heimilt að óska eftir breytingum á leyfafjölda á tímabilinu (True-Up) þannig að tryggt sé að það sé hægt að fjölga eða fækka leyfum á tímabilinu. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

### 1.2.7 Afhending og afhendingarskilmálar

Seljandi sendir kaupanda staðfestingu á leyfunum og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Seljandi skal afhenda hugbúnað eigi síðar en **17.12.2018**.

### 1.2.8 Fávítí

Á ekki við.

### 1.2.9 Vanefndir og uppsögn

Bjóðandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda bjóðanda er bjóðandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti bjóðandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu bjóðanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án fyrirvara.

Afhendi bjóðandi vöru, í eitt skipti, sem ekki uppfyllir kröfur kaupanda samkvæmt útboði þessu, er heimilt að rifta samningi án fyrirvara.

### 1.2.10 Ábyrgð og tryggingar

Á ekki við.

### 1.2.11 Skuldskeyting, undirverktakar og framsal réttinda

Bjóðanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli bjóðandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur bjóðanda gagnvart kaupanda.

Bjóðanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki kaupanda.

### 1.2.12 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Bjóðandi skal tryggja að vara eða þjónusta sem boðin er sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að.

### 1.2.13 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi lýsing fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.



## 2. Verklýsing / vörulýsing

### 2.1 Verklýsing

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar fyrir hönd Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar óskar eftir tilboðum í endurnýjun á Microsoft EAS leyfasamning til þriggja ára, þ.e. fyrir starfsemi sem tilheyrir skrifstofuumhverfi Reykjavíkurborgar.

- **Parent Program:** E3276883 - Microsoft Enterprise Subscription 6 Enrollment
- **License Agreement Type:** Volume Licensing Agreement for the City of Reykjavik Microsoft Enterprise Subscription 6 Enrollment
- **End Date:** 31. desember 2019.
- **Price Level:** D level skv. síðasta EAS samningi sem rennur út 31.12.2018.
- **Reseller:** Réttindi sem Licensing Solution Providers (LSP).

Part number (SKU)	UNSPSC	Item Name	Language	Product Type	Quantity Ordered
<b>Enterprise product</b>					
269-12445	43230000	OfficeProPlus ALNG LicSAPk MVL Pltfrm	All Languages	LIC/SA	1.642
76A-00007	43230000	EntCAL ALNG LicSAPk MVL Pltfrm DvcCAL wSrvcs	All Languages	LIC/SA	1.642
KV3-00356	43230000	WINE3perDVC ALNG UpgrdSAPk MVL Pltfrm	All Languages	UPG/SA	1.642
<b>Addons</b>					
TPA-00001	43230000	O365F1 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1
T6A-00024	43230000	O365E1 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1
AAA-10724	43230000	O365E3 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL AddOn todeviceECALw/OPP	All Languages	SUB	200
SZ6-00006	43230000	O365E5Addon ShrdSvr ALNG SubsVL MVL AddOn todeviceECALw/OPP	All Languages	SUB	1
<b>Additional Products Applications</b>					
076-01776	43230000	Prjct ALNG LicSAPk MVL	All Languages	LIC/SA	14
D87-01057	43230000	VisioPro ALNG LicSAPk MVL	All Languages	LIC/SA	44
77D-00110	43230000	VSPProSubMSDN ALNG LicSAPk MVL	All Languages	LIC/SA	1
7L5-00002	43230000	ProjOnInProf ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1
N9U-00002	43230000	VisioOnInP2 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1
NK4-00002	43230000	PwrBIPro ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	10
<b>Additional Products Servers</b>					
395-02412	43230000	ExchgSvrEnt ALNG LicSAPk MVL	All Languages	LIC/SA	6
NK7-00065	43230000	IdentityMgrCAL ALNG LicSAPk MVL UsrCAL	All Languages	LIC/SA	4.200
5HU-00215	43230000	SfBSvr ALNG LicSAPk MVL	All Languages	LIC/SA	2
YEG-00631	43230000	SfBSvrPIusCAL ALNG LicSAPk MVL forECAL DvcCAL	All Languages	LIC/SA	217
7NQ-00302	43230000	SQLSvrStdCore ALNG LicSAPk MVL 2Lic CoreLic	All Languages	LIC/SA	46
6VC-02567	43230000	WinRmtDsktpSrvcsCAL ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	107
6QK-00001	43230000	AzureMonetaryCommit ShrdSvr ALNG SubsVL MVL Commit	All Languages	SUB	2
<b>Subscription</b>					
9GA-00006	43230000	CISSteStdCore ALNG LicSAPk MVL 2Lic CoreLic	All Languages	SUB	200
9GS-00495	43230000	CISSteDCore ALNG LicSAPk MVL 2Lic CoreLic	All Languages	SUB	192

#### 2.1.1 Þjónusta og ráðgjöf

Þjóðendur skulu gera ráð fyrir því í tilboðsverðum sínum að þjónusta og ráðgjöf sem tengist kaupum og umsjón með umræddum leyfum er innifalin í tilboðsverði.

### 3. Tilboðsskrá

Tilboðsskrá fylgir útboðsgögnum á excel formi.



Tilboðsskrá fyrir útboð nr.

14330

Gjaldmiðill

Part number (SKU)	UNSPSC	Item Name	Language	Product Type	Quantity Ordered	EAS unit price	EAS total	
<b>Enterprise product</b>								
269-12445	43230000	OfficeProPlus ALNG LicSAPK MVL Pltfrm	All Languages	LIC/SA	1.642		0	
76A-00007	43230000	EntCAL ALNG LicSAPK MVL Pltfrm DvcCAL wSrvcs	All Languages	LIC/SA	1.642		0	
KV3-00356	43230000	WINE3perDVC ALNG UpgrdSAPK MVL Pltfrm	All Languages	UPG/SA	1.642		0	
<b>Addons</b>								
TPA-00001	43230000	O365F1 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1		0	
T6A-00024	43230000	O365E1 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1		0	
AAA-10724	43230000	O365E3 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL AddOn todeviceECALw/OPP	All Languages	SUB	200		0	
SZ6-00006	43230000	O365E5Addon ShrdSvr ALNG SubsVL MVL AddOn todeviceECALw/OPP	All Languages	SUB	1		0	
<b>Additional Products Applications</b>								
076-01776	43230000	Prjct ALNG LicSAPK MVL	All Languages	LIC/SA	14		0	
D87-01057	43230000	VisioPro ALNG LicSAPK MVL	All Languages	LIC/SA	44		0	
77D-00110	43230000	VSPSubMSDN ALNG LicSAPK MVL	All Languages	LIC/SA	1		0	
7L5-00002	43230000	ProjOmlnProf ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1		0	
N9U-00002	43230000	VisioOmlnP2 ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	1		0	
NK4-00002	43230000	PwrBlPPro ShrdSvr ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	10		0	
<b>Additional Products Servers</b>								
395-02412	43230000	ExchgSvrEnt ALNG LicSAPK MVL	All Languages	LIC/SA	6		0	
NK7-00065	43230000	IdentlyMgrCAL ALNG LicSAPK MVL UsrCAL	All Languages	LIC/SA	4.200		0	
5HU-00215	43230000	SFSvr ALNG LicSAPK MVL	All Languages	LIC/SA	2		0	
YEG-00631	43230000	SFSvrPlusCAL ALNG LicSAPK MVL forECAL DvcCAL	All Languages	LIC/SA	217		0	
7NQ-00302	43230000	SQLSvrStdCore ALNG LicSAPK MVL 2Lic CoreLic	All Languages	LIC/SA	46		0	
6VC-02567	43230000	WinRmtDsktPsvcsCAL ALNG SubsVL MVL PerUsr	All Languages	SUB	107		0	
6QK-00001	43230000	AzureMonetaryCommit ShrdSvr ALNG SubsVL MVL Commit	All Languages	SUB	2		0	
<b>Subscription</b>								
9GA-00006	43230000	CISStcStdCore ALNG LicSAPK MVL 2Lic CoreLic	All Languages	SUB	200		0	
9G5-00495	43230000	CISStcCCore ALNG LicSAPK MVL 2Lic CoreLic	All Languages	SUB	192		0	
<b>Annual billing for licenses and Software Assurance:</b>							0	<b>Total: 1 yr without VAT</b>
<b>Total billing for 3 year for licenses and Software Assurance:</b>							0	<b>Total: 3 yr without VAT</b>

Heildarverð án vsk

IKR

0 Total: 3 yr without VAT <- Færst á tilboðsblað

Staður og dagsetning:

Undirskrift bjóðanda:

## 4. Tilboðsblað

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðslýsingu nr. 14330 og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við hana. Bjóðanda er heimilt að selja umrædd hugbúnaðarleyfi til Reykjavíkurborgar. Verð skal vera án vsk. sama í hvaða gjaldmiðli boðið er. Heildarverð er fært af tilboðsskrá.

Heildarkostnaður Microsoft skrifstofuleyfa í 3 ár (með fjármögnunarkostnaði ef við á):

**Heildarverð án vsk:**

**Gjaldmiðill:**

Samtals frá tilboðsskrá (hólf H52)		
------------------------------------	--	--

### Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:

Nafn bjóðanda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Sími	
Tölvupóstfang	
Tengiliður varðandi tilboð	
Staður og dagsetning tilboðs	
Undirskrift bjóðanda	